# Aðalfundur Golfklúbbsins Keilis
# 9. desember 2013



**Skýrsla formanns | Ársreikningur 2013 | Fjárhagsáætlun 2014**

Ársskýrsla Golfklúbbsins Keilis 2013

# Skýrsla stjórnar Golfklúbbsins Keilis 2013

Á aðalfundi Keilis sem haldinn var í Golfskála Keilis þriðjudaginn 6. desember 2012 var stjórn þannig kosin:

**Bergsteinn Hjörleifsson, formaður til eins árs.**

Fyrir í stjórn til næsta árs voru **Ingveldur Ingvarsdóttir og Jóhannes Pálmi Hinriksson**

Til tveggja ára voru kosnir **Arnar B Atlason og Guðmundur Haraldsson**

Til eins árs voru kosnir **Sveinn Sigurbergsson og Hálfdan Þór Karlsson**



## Stjórn Keilis var því þannig skipuð á starfsárinu:

| | |
|---|---|
| **Bergsteinn Hjörleifsson** | formaður |
| **Sveinn Sigurbergsson** | varaformaður |
| **Guðmundur Haraldsson** | ritari |
| **Pálmi Hinriksson** | gjaldkeri |
| **Arnar Borgar Atlason** | meðstjórnandi |
| **Hálfdan Þór Karlsson** | meðstjórnandi |
| **Ingveldur Ingvarsdóttir** | meðstjórnandi |

## Endurskoðendur ársreiknings:

Aðalmaður, Gunnar Hjaltalín og til vara Sigurður T Sigurðsson.

Á starfsárinu voru haldnir 11 formlegir stjórnarfundir, auk fjölmargra nefndafunda og annarra vinnufunda.

Í upphafi starfsársins 2013 voru **1.331** félagar í Golfklúbbnum Keili, en í lok árs eru þeir **1.328.**

Þar af eru **190** félagar skráðir á Sveinskotsvöll.

Í ár fækkaði félögum um **3.**

Á biðlista eru **11** manns.



## Skipting félagsmanna eftir aldri er þannig:




## Starfsmenn

| | |
|---|---|
| **Framkvæmdastjóri:** | Ólafur Þór Ágústsson. |
| **Vallarstjóri:** | Bjarni Hannesson. |
| **Aðstoðar vallarstjóri:** | Sveinn Steindórsson. |
| **Skrifstofa:** | Pétur Gærdbo Árnason. |
| **Hraunkot:** | Kristinn Kristinsson. |

## Golfkennarar

Sigurpáll Geir Sveinsson og Jóhann Hjaltason.

## Aðrir starfsmenn

Jóhann Pálsson, hægri hönd vallar- og aðstoðarvallarstjóra. Sigurður Þorgeirsson, Andri Már Stefánsson, Kristján Kristjánsson, Sigurður Guðmundsson, Snorri Már Gylfason, Guðmundur Birkir Hálfdánarson, Guðmundur Atli Arnarsson, Jón Ágúst Sturluson, Andri Jónasson, Gunnar Ari Kristjánsson, Brynjar Jónasson, Fjölnir Eiríksson, Sindri Jónsson, Bjarki Freyr Ragnarsson, Jóhann Birgir Ingvarsson.

Sumarið 2013 voru því 21 vallarstarfsmaður að störfum þegar mest gekk á.

Til viðbótar voru 4-5 vinnuskólakrakkar að störfum í hverri viku frá miðjum júní fram í ágúst. Krakkarnir voru flestir ungir kylfingar í klúbbnum á aldrinum 14-16 ára. Þau löguðu boltaför, fylltu í kylfuför og rökuðu glompur. Þessi hópur krakka er mikilvægur fyrir klúbbinn því þaðan koma oftast framtíðar starfsmenn. Við þökkum þeim því fyrir þeirra mikilvæga framlag.

## Aðstoðarfólk golfkennara

Anna Sólveig Snorradóttir, Henning Darri Þórðarson, Atli Már Grétarsson, Rúnar Arnórsson Sara Margrét Hinriksdóttir, Gísli Sveinbergsson, Ísak Jasonarson, Bryndís Ragnarsdóttir, Hildur Rún Guðjónsdóttir, Sigurlaug Rún Jónsdóttir, Björg Bergsveinsdóttir, Hafdís Einarsdóttir, Benedikt Sveinsson, Vikar Jónasson, Saga Ísafold Arnarsdóttir, Harpa Líf Bjarkardóttir, Hekla Sóley Arnarsdóttir, Þóra Kristín Ragnarsdóttir og Breki Marínósson.

## Eftirlitsmenn og ræsar

Baldvin Jóhannsson, Ívar Jónsson, Ágúst Húbertsson, Haukur Jónsson, Tryggvi Þór Tryggvason og Guðbjartur Þormóðsson.

## Starfsfólk í golfvöruverslun

Bergdís Bergsteinsdóttir, Sindri Haraldsson og Davíð Kristján Hreiðarsson.

## Starfsfólk í Hraunkoti

Kristinn S. Kristinsson, Davíð Kristján Hreiðarsson, Benedikt Árni Harðarson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Högna Kristbjörg Knútsdóttir og Birgir Vestmar Björnsson.

## Þjónustusamningar

Brynja Þórhallsdóttir: Eldhús og veitingar.

## Ræstingar

Iss á Íslandi.



# Nefndir

## Íþróttanefnd
Sveinn Sigurbergsson, Arnar Borgar Atlason og Hálfdan Þór Karlsson.

## Kappleikjanefnd
Guðmundur Haraldsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Ólafur Þór Ágústsson.

## Vallarnefnd
Sveinn Sigurbergsson, Ólafur Þór Ágústsson, Bjarni Hannesson og Sveinn Steindórsson.

## Öldunganefnd
Sveinn Jónsson og Anna Snædís Sigmarsdóttir

## Aganefnd
Hálfdan Þór Karlsson.

## Forgjafarnefnd
Ágúst Húbertsson, Guðmundur Haraldsson, Ólafur Þór Ágústsson og Pálmi Hinriksson.

## Orðunefnd
Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason og Ágúst Húbertsson.

## Liðstjórar
Jóhann G Hjaltason, Sigurpáll Geir Sveinsson, Rúnar Arnórsson, Högna Knútsdóttir, Bjarki Sigurðsson, Arnar Borgar Atlason, Saga Ísafold Arnarsdóttir, Grétar Agnarsson, Sveinn Jónsson, Anna Snædís Sigmarsdóttir og Þórdís Geirsdóttir.



# Framkvæmdir 2013

Vinnu við nýju holurnar á Hvaleyrinni var haldið áfram samkvæmt áður auglýstu framtíðarskipulagi Hvaleyrarvallar. Unnið var í holum 13, 14 og 15 (númer miðast við framtíðarskipulag vallarins).

**Hola 13.**

Mestar framkvæmdir fóru fram á 13. holunni í ár. Holan liggur meðfram Miklaholti frá vestri til austurs að malarnámunni gömlu við bátaskýlin við Hvaleyrarlón. Hafist var handa við að safna jarðvegi til mótunar á brautinni strax um veturinn 2012/13. Ljóst var að mikil jarðvegsvinna væri framundan, enda um tiltölulega erfitt landslag að ræða. Leitað var til allra helstu verktaka sem starfræktir eru í nágrenninu til að fá gefins jarðveg úr uppgreftri á nálægum slóðum. Erfiðlega gekk þó að fá gott efni í framkvæmdina. Mikið var um mjög grófan jarðveg sem innihélt stórgrýti sem ekki er æskilegt til fínmótunar á brautinni.

Þrátt fyrir að góður jarðvegur hafði ekki fengist var hafist handar við að móta brautina og umhverfi flatarinnar. Ýtt var út með því efni sem fyrir var. Um mitt sumar virtist ætla að rofa til með efni, en þá settu vegaframkvæmdir við Hafnargötu strik í reikninginn. Flutningabílar komust illa þar um með tilheyrandi aukakostnaði. Þetta endaði með því að lítið fékkst af góðri mold allt árið.

Brautin var því mótuð með tiltölulega slæmum jarðvegi sem innihélt mikið af grjóti. Steindór ýtumaður kláraði að móta brautina og kargann fram að flöt í byrjun ágústmánaðar. Þá var búið að leggja vökvunarkerfið í brautina og tengja inn á aðalkerfi vallarins. Hafist var handa við að reyna að undirbúa brautina fyrir sáningu, en veðurfar var slæmt og jarðvegurinn óendanleg uppspretta af grjóti. Eftir 250 vinnustundir við að grjóthreinsa brautina og varla sást högg á vatni var orðið ljóst að ekki næðist að sá í brautina þetta árið. Ákveðið var þá að bíða af sér veturinn og vona að betra efni byðist á einhverjum tímapunkti eða að einfaldlega kaupa inn efni til að smyrja yfir brautina. Sú framkvæmd á eftir að skýrast sumarið 2014. Búið er að móta botn flatarinnar, moka í hann frárennslisskurði og koma fyrir frárennslisbörkum. Vökvunarkerfislagnir verða lagðar umhverfis flötina í vetur. Enn á eftir að móta vinstri hluta umhverfis flötina og byggja þar teiga fyrir 14. brautina.

Sprautusáð var í vegginn umhverfis flötina, sem var brotlína gömlu malarnámunar. Það lá mikið á að það tækist fyrir veturinn til þess að gera hann stöðugri. Sáð var hreinni rauðvinglablöndu. Markmiðið er að þessi halli verði viðhaldslítill með blaktandi ljósbrúnum stráum.

**Hola 14.**

Þessi hola mun liggja meðfram Hvaleyrarlóni í norðurátt, svipað og núverandi sjöundu braut á Sveinskotsvelli. Formlega eru framkvæmdir á þessari holu ekki hafnar að öðru leyti en að búið er að safna töluverðu efni í brautina sem nota á við mótun hennar.

**Hola 15.**

Búið var að móta 15. holuna við Eyrarsund árið 2012. Sáð var í hana þá, en sú sáning fór niður frekar seint. Því miður var ekki mikil spírun úr þeirri sáningu og var því ákveðið að raka yfir alla brautina eins og hún lagði sig með sjálfkeyrandi glompuröku og sá í hana að nýju. Sáð var í brautina 18 júní.

Brautin hefur að mestu lokað sér eftir þetta ár, en ljóst er að nokkuð er í að brautin verði full klár. Það liggur hinsvegar ekki mikið á þar sem ekki á að opna inn á þessa braut fyrr en árið 2017. Framhaldið (endugerð Hvaleyrarinnar)

**Nú í haust var ákveðið að fá virtan golfvallahönnuð**, Tom Mackenzie sem starfar hjá golfvallaarkitektastofunni Mackenzie & Ebert í Bretlandi, til þess að fá utanaðkomandi sýn á endurgerð Hvaleyrarinnar. Tilgangurinn er sá að fá fram hugmyndir hans að lokahnykknum á þessari vinnu. Skýrslu er að vænta á næstu dögum og verður hún kynnt félagsmönnum fljótlega á nýju ári.

Mackenzie & Ebert njóta mikillar virðingar á þessu sviði og hafa starfsmenn fyrirtækisins t.d. unnið að endurgerð nokkurra virtustu golfvalla í heiminum. Starfa þeir m.a. um þessar mundir með R&A að endurbótum á 9 golfvöllum sem notaðir eru á Opna breska meistaramótinu.

*Sjá nánar um Mackenzie & Ebert:*

http://www.mackenzieandebert.co.uk

**Ísbjarnargryfjan**

Gæði flatarinnar í ísbjarnargryfjunni voru ekki góð. Ekkert vökvunarkerfi var þar til staðar sem gerði viðhald erfitt. Inn- og útgangur að flötinni var úr grasi sem slitnaði illa þar sem allir kylfingar gengu inn og út á sama stað og æfðu sveifluna fyrir hring. Ákveðið var að blása lífi í þessa flöt og gera hana og umhverfi hennar betra.

Byrjað var á því að fjarlægja þökulag flatarinnar. Sandi var dreift yfir og honum blandað saman við yfirborðið. Umhverfis flötina var

svo grafin niður vatnslögn sem tengd var við vökvunarlögnina sem liggur að fyrsta teigasettinu. Stígur var hellulagður að flötinni og lína af hellum lögð umhverfis flötina. Fimm vökvunarhausar voru svo settir umhverfis flötina í þríhyrningamunstur. Notast var við Rainbird 5505 vökvunarhausa, sem er nýjung. Þeir kosta minna en virka betur á stuttum kastvegalengdum eins í þessu tilfelli.
Sáð var í flötina hreinni rauðvingulsblöndu þann 13. júní. Lagður var dúkur yfir um 70% af flötinni (á syðri endann). Sá hluti sem var undir dúknum spíraði hratt og örugglega, en minna og hægara kom upp úr sáningu þar sem dúkinn vantaði. Eins og áður hefur komið fram var meðalhiti lítill sem varð til þess að sáningin gekk hægar en vonast var eftir. Í lok sumars var komin mjög góð þekja á mest alla flötina. Búist er við því að hún verði tekin í notkun snemma næsta sumar.

**Annar teigur**

Annar teigur var nokkuð ósléttur og hluti af honum var nokkuð illa farinn. Teigurinn var ansi stór, en nýttist kannski ekki sem skildi. Gönguleið inn á hann var einnig illa farin. Ákveðið var að skafa allt torf af teignum, slétta hann, helluleggja gönguleið upp á teiginn og breyta vökvunarkerfinu sem var í honum. Fyrir voru þrír vökvunarstútar eftir miðjum teignum en eftir breytingar voru settir sex vökvunarhausar (Rainbird 5505) í hann umhverfis teigin sem jók nákvæmni í vökvun og minnkaði úðun á svæði sem ekki þarf á vökvun að halda (hraunið í kring). Hafist var handa í desember 2012 að moka yfirborðinu af teignum. Botn teigsins var svo sléttaður og sandlagi upp á 20 cm var smurt yfir. Vökvunarkerfið var lagt í teiginn og hann svo tyrfður 23. apríl. Notast var við torf á þessum teig þar sem ekki var hægt að notast við varateig á meðan.

**Níundi teigurinn**

Aftasti hluti níunda teigs, fyrir aftan hraunhaftið var mjög ójafn og tiltölulega lítið af honum nýttist. Einnig þurftu kylfingar að ganga af göngustígnum út á gras í nokkrum halla, bæði þegar gengið var á og af teignum. Álagið þar var því allt of mikið þannig að gras náði aldrei fótfestu þar. Ákveðið var að stækka aftasta hlutann úr um 100 m2 í um 220 m2. Nýr göngustígur var gerður meðfram nýja teignum þannig að nú munu kylfingar ganga á möl en ekki grasi. Holan lengist ekkert við þetta, en búast má við því að gulir teigar verði meira eða minna á þessum nýja hluta þannig að jafnaði spilast holan lengri. Mokað var af teignum snemma á árinu og grunnur hans stækkaður og mótaður með grús. Ofan á teiginn var svo smurt um 20 cm sandlag. Lagðir voru umhverfis teiginn þrír vökvunarhausar af gerðinni Rainbird 5505. Kantur teigsins var tyrfður með úthagatorfi og svo var sáð í teiginn 7. júní. Notast var við sérstaka dúka til að hvetja sáninguna áfram. Sáningin tókst með ágætum og var fyrsti sláttur 26. júní.
Jarðfast vökvunarkerfi á Sveinskotsvelli

**Flatir 1 og 5 á Sveinskotsvelli** voru byggðar upp fyrir nokkrum árum. Flatirnar voru byggðar á hreinum sandi og því þorna þær hratt upp. Ekki hefur verið sjálfvirk vökvun í þeim flötum heldur einungis krani sem færanlegar slöngur og úðarar hafa verið tengdir við. Ákveðið var að koma fyrir vökvunarhausum umhverfis þessar flatir til að einfalda viðhald þeirra.
Krani er staðsettur við flötina sem opnar á flæði úðastútanna. Notast var við Rainbird 5505 vökvunarhausa sem eru ódýr en góð lausn á svo litlum flötum. Mögulegt verður í framtíðinni þegar lega Sveinskotsvallar verður komin í endanlegt horf, að leggja rafmagnskapal að krananum við flatirnar og tengjast þannig tölvustýrðu vökvunarkerfi vallarins.



*Níundi teigur fyrir og eftir*



## Merkingar

Haldið var áfram með að smíða vegvísa, teigmerki og aðrar merkingar fyrir golfvöllinn. Með þessari vinnu er verið að vinna að heildarútliti allra merkinga. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Fjölbrautaskólann í Garðabæ þar sem einhverfir einstaklingar sjá um smíðina undir stjórn Guðlaugs Georgssonar. Þessi vinna hefur bætt mjög heildarásýnd golfvallanna og verður gaman að vinna áfram að þessu verkefni með Guðlaugi og hans fólki.

## Vélakaup

Keypt voru þrjú tæki sem flokka má sem stærri vélakaup: úðunarbíll, botnblaðsbrýningavél og götunarvél. Nokkur smá tæki voru einnig keypt svo sem blásarar, létt orf (rafmagn) og loftpúðasláttuvél.

Götunarvélin sem keypt var er af gerðinni Vertidrain 2216 og er keypt af verslun MHG. Vélin er 160 cm breið og er afskaplega afkastamikil. Hún er 30 cm breiðari en sú vél sem fyrir var og þrisvar sinnum hraðskreiðari. Vélin er gerð fyrir meiri átök og því hægt að nota hana í erfiðari aðstæðum (meira af grjóti í jarðvegi). Vélin var afhent haustið 2012, þó svo að fjárhagslega hafi hún komið inn í 2013 bókhaldið. Vélin er nú þegar búin að sanna gildi sitt og vel það. Keilir hefur nú tekið yfir nánast alla útselda götun á höfuðborgarsvæðinu þar sem að engin vél afkastar neitt í líkingum við hana. Nú er hægt að gata einn knattspyrnuvöll á rúmum tveim klst., en tók áður 6-8 klst. Veruleg aukning hefur því verið í útseldri vinnu við götun þetta árið. Í ár höfum við gatað alla knattspyrnuvelli ÍTR minnst tvisvar, einnig í Hafnarfirði, Borgarnesi og Selfossi.

Botnblaðsbrýningarvélin sem keypt var er af gerðinni Bernhard Anglemaster 4000. Vélin var keypt beint af framleiðandanum í Bretlandi þar sem engin umboðsaðili er til staðar í landinu. Vélin leysti af hólmi eldri vél sem var orðin mjög ónákvæm og erfið í vinnu. Mikil rykmengun var af henni og óþægilegt fyrir starfsmenn að vinna við hana. Ónákvæmni í brýningum var einnig farin að spyrjast út og hafði neikvæð áhrif á útseldar brýningar fyrir klúbbinn, en hún er mikilvæg tekjulind í rekstrinum á veturna.

Keyptur var úðari af gerðinni Smithco Spraystar 1000. Um er að ræða lítinn bíl sem er með úðunartækjunum föstum á sér (ekki hægt að taka þau af og nota bílinn í aðra hluti). Bíllinn notast við tölvu sem sér um að tryggja að fyrirfram ákveðið vatnsmagn sé úðað út og haldist stöðugt þrátt fyrir að stjórnandinn auki eða hægi á hraðanum. Bíllinn er því afskaplega auðveldur í notkun en á sama tíma tryggir hámarks nákvæmni. Nákvæmni er mikilvæg þar sem sum efni þarf aðeins að bera á í 400 ml á hektarann (það er svipað og ein lítil kókdós á allar 18 flatir vallarins). Þessi efni geta verið dýr og því geta mistök upp á aðeins 30 ml á hvern hektara verið kostnaðarsöm og jafnvel hættuleg grasinu.

Bíllinn hefur reynst afskaplega vel það sem af er og hefur m.a. annars verið notaður til að úða áburði á knattspyrnuvelli Hafnarfjarðarbæjar og við undirbúning Laugardalsvallar fyrir stórleik íslenska landsliðsins gegn Króatíu í undankeppni HM í knattspyrnu.

Bíllinn var keyptur notaður til landsins, en hann var 3 ára gamall og aðeins notaður í 600 klst. Bíllinn var áður í eigu Linville Golf Club í North Carolina, USA.

Af smærri tækjum sem keypt voru má nefna rafmagns léttorf. Með því að notast við rafmagn þá getum við farið og slegið í kringum bílastæðið snemma á morgnana án þess að trufla sofandi nágranna og áður en stæðið fyllist af bílum. Einnig er mjög gott að notast við orfið þegar mikil umferð er um völlinn, þar sem hægt er að vinna töluvert meira án þess að trufla kylfinga. Innkaup á slíkum tækjum mun aukast á næstunni, enda ríma slík kaup vel við umhverfisstefnu klúbbsins.

Einnig voru keyptir tveir nýir bakpokablásarar sem notaðir eru til þess að snyrta betur eftir slátt. Þannig eru þeir notaðir til þess að fjarlægja grasklumpa sem oft myndast við slátt, blása sandi aftur ofan í glompur, blása grasi upp úr glompum o.þ.h. Meira verðu gert af þessu á komandi árum til að auka snyrtimennsku á vellinum.



# Íþróttalegur árangur og íþróttastarf 2013

Íþróttastarf golfklúbbsins Keilis var með hefðbundnu sniði á síðasta starfsári. Eins og vanalega hófust æfingar í byrjun nóvember 2012. Fyrstu vikurnar fóru að mestu leyti í að greina hreyfingar hjá iðkendum til þess að sjá hvar þeir stóðu í öllum þáttum leiksins. Eftir greiningar sáu þjálfarar hvar iðkendur stóðu og þá voru lagðar línur með hverjum og einum hvað skyldi leggja áherslu á fyrir sumarið.

Ein af nýjungunum árið 2013 voru að Keilir keypti dagbækur handa öllum iðkendum 11 ára og eldri. Þessi nýjung kom mjög vel út. Iðkendur skráðu í bókina atriði sem kennarar létu þau hafa til að vinna í og hugsa um. Einnig skráðu iðkendur æfingar og niðurstöður prófa í bókina og með þessu voru iðkendur miklu meðvitaðri um eigin æfingasókn og framfarir. Þeir iðkendur sem minnst æfðu voru lengi fastir á blaðsíðu 1 að vinna í því sama mánuð eftir mánuð. Þeir sem hinsvegar tóku ráðleggingar kennara alvarlega og æfðu vel tóku miklum framförum og uppskáru miklar forgjafarlækkanir og sigra á mótaröðum Golfsambandsins.

Önnur nýjung var að kennarar settu upp á töflu æfingu vikunnar allan síðasta vetur. Þetta voru aðallega æfingar og próf sem sýndu hvar iðkandinn stóð og hvort hann var að taka framförum. Þessar æfingar voru vel nýttar til að byrja með en þegar leið á veturinn minnkaði áhuginn á að gera þessar æfingar hjá sumum iðkendum. Við sáum það þegar við kíktum í bækurnar hjá iðkendunum. Þó voru nokkrir sem gerðu allar æfingarnar af miklum eldmóði og sumar oftar en einu sinni. Þetta eru eintaklingarnir sem náðu árangri síðasta sumar.

Árangur Keilismanna á Eimskipsmótaröðinni árið 2013 var mun betri en árið 2012. Okkar hópur er að stækka og við eigum fleiri nöfn í toppbaráttunni en áður. Það hefur verið eitt af markmiðum að breikka hópinn á mótaröðinni og það tókst. Hér að neðan er samantekt um verðlaun úr keppnum ársins.

## Golfklúbburinn Keilir vann til 14 Íslandsmeistaratitla og 7 Stigameistaratitla.

| | |
|---|---|
| Anna Sólveig Snorradóttir | Íslandsmeistari í holukeppni 17-18 ára |
| Anna Sólveig Snorradóttir | Íslandsmeistari í höggleik 17-18 ára |
| Ísak Jasonarsson | Íslandsmeistari í höggleik 17-18 ára |
| Hennig Darri Þórðarsson | Íslandsmeistari í höggleik 15-16 ára |
| Gísli Sveinbergsson | Íslandsmeistari í holukeppni 15-16 ára |
| Sveitakeppni | Stelpur 16-18 ára |
| Sveitakeppni | Piltar 16-18 ára |
| Sveitakeppni | Stúlkur 15 ára og yngri |
| Sveitakeppni | 1. deild karla |
| Þórdís Geirsdóttir | Íslandsmeistari kvenna 35+ |
| Sigrún Margrét Ragnarsdóttir | Íslandsmeistari kvenna 70+ án forgj. |
| Sigrún Margrét Ragnarsdóttir | Íslandsmeistari kvenna 70+ án forgj. |
| Kristín Sigurbergsdóttir | Íslandsmeistari kvenna 50+ með forgjöf |
| Jens Karlsson | Íslandsmeistari karla 70+ með forgjöf |
| Signý Arnórsdóttir | Stigameistari Kvenna |
| Rúnar Arnórsson | Stigameistari Karla |
| Gísli Sveinbergsson | Stigameistari 15-16 ára strákar |
| Guðlaugur Bjarki Lúðvíksson | Stigameistari 17-18 ára (áskorendamótaröð GSÍ) |
| Sverrir Kristinsson | Stigameistari 15-16 ára (áskorendamótaröð GSÍ) |
| Íris Lorange Káradóttir | Stigameistari 14 ára - y (áskorendamótaröð GSÍ) |
| Golfklúbburinn Keilir | Stigameistari kvenna Eimskipsmótaröðin |



# Annar árangur kylfinga Keilis

**Íslandsmót í höggleik**

| | |
|---|---|
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | 2.sæti kvennaflokkur (eftir umspil) |
| Anna Sólveig Snorradóttir | 4.sæti kvennaflokkur |

**Íslandsmót í holukeppni**

| | |
|---|---|
| Tinna Jóhannsdóttir | 2.sæti kvennaflokkur |
| Signý Arnórsdóttir | 3.sæti kvennaflokkur |
| Anna Sólveig Snorradóttir | 4.sæti kvennaflokkur |
| Rúnar Arnórsson | 2.sæti karlaflokkur |

**Íslandsmót unglinga í höggleik**

| | |
|---|---|
| Birgir Björn Magnússon | 2-4.sæti drengir 15-16 ára |
| Gísli Sveinbergsson | 2-4.sæti drengir 15-16 ára |

**Íslandsmót unglinga í holukeppni**

| | |
|---|---|
| Bryndís María Ragnarsdóttir | 3. sæti stúlkur 17-18 ára |
| Sigurlaug Jónsdóttir | 3. sæti telpur 15-16 ára |
| Birgir Björn Magnússon | 3.sæti drengir 15-16 ára |
| Hekla Sóley Arnarsdóttir | 3.sæti stelpur 14 ára og yngri |

**Stigamót GSÍ (stigameistarar)**

| | |
|---|---|
| Guðrún Brá Björgvinsdóttir | 2.sæti kvennaflokkur |
| Anna Sólveig Snorradóttir | 4.sæti kvennaflokkur |

**Stigamót GSÍ unglingar (stigameistarar)**

| | |
|---|---|
| Ísak Jasonarsson | 3.sæti piltar 17-18 ára |
| Sigurlaug Jónsdóttir | 4. sæti telpur 15-16 ára |
| Hennig Darri Þórðarsson | 2.sæti drengir 15-16 ára |
| Birgir Björn Magnússon | 4.sæti drengir 15-16 ára |
| Hekla Sóley Arnarsdóttir | 2.sæti stelpur 14 ára og yngri |

**Áskorenda mótaröð GSÍ unglingar (stigameistarar)**

| | |
|---|---|
| Stefán Ingvarsson | 3.sæti drengir 15-16 ára |
| Þorkell Már Júlíusson | 4.sæti drengir 15-16 ára |
| Daníel Ísak Steinarsson | 2.sæti drengir 14 ára og yngri |

**Íslandsmót eldri kylfinga**

| | |
|---|---|
| Erla Adolfsdóttir | 3. sæti konur 50+ án forgjafar |
| Gunnlaugur Ragnarsson | 2. sæti karlar 70+ án forgjafar |
| Erla Adolfsdóttir | 2. sæti konur 50+ með forgjöf |
| Björn Karlsson | 2. sæti karlar 70+ með forgjöf |
| Friðbjörn Hólm | 3. sæti karlar 70+ með forgjöf |

## Íslandsmeistarar í sveitakeppni GSÍ

**Þau sem skipuðu sigursveitir Keilis 2013**

**16-18 ára, stelpur**
Liðstjóri: Saga Arnardóttir
Leikmenn: Anna Sólveig Snorradóttir, Bryndís María Ragnarsdóttir, Hafdís Alda Jóhannsdóttir, Hanna María Jónsdóttir, Sara Margrét Hinriksdóttir, Sigurlaug Jónsdóttir.

**16-18 ára, piltar**
Liðstjóri: Rúnar Arnórsson
Leikmenn: Benedikt Harðarson, Birgir Björn Magnússon, Gísli Sveinbergsson, Ísak Jasonarson, Orri Bergmann Valtýsson.

**15 ára og yngri, stúlkur**
Liðstjóri: Högna Knútsdóttir
Leikmenn: Hafdís Houmöller Einarsdóttir, Harpa Líf Bjarkadóttir, Hekla Sóley Arnarsdóttir, Melkorka Knútsdóttir, Thelma Sveinsdóttir, Þóra Kristín Ragnarsdóttir.

**A-sveit Keilis karlar**
Liðstjóri: Sigurpáll Geir Sveinsson
Leikmenn: Axel Bóasson, Benedikt Sveinsson, Birgir Björn Magnússon, Björgvin Sigurbergsson, Gísli Sveinbergsson, Henning Darri Þórðarson, Rúnar Arnórsson, Sigurður Gunnar Björgvinsson.

**Annar árangur í sveitakeppni GSÍ**

| | |
|---|---|
| A-sveit Keilis í drengir 15 og yngri | 3.sæti |
| A-sveit Keilis í kvennaflokki | 2.sæti |
| A-sveit eldri kvenna | 2.sæti |
| A-sveit eldri karla | 2.sæti |

Í keppni og til æfinga með landsliðum Íslands 2013 völdust Anna Sólveig Snorradóttir, Axel Bóasson, Birgir Björn Magnússon, Gísli Sveinbergsson, Guðrún Brá Björgvinsdóttir, Hafdís Alda Jóhannsdóttir, Henning Darri Þórðarson, Rúnar Arnórsson, Sara Margrét Hinriksdóttir og Signý Arnórsdóttir

## Evrópukeppni félagsliða

Farið var á Evrópumót klúbbliða í Portúgal dagana 21.-27. október. Liðið var skipað Rúnari Arnórssyni, Birgi Birni Magnússyni, Gísla Sveinbergssyni og liðstjóri var Björgvin Sigurbergsson. Keppt var á Aroeira golfvellinum í Lissabon í Portúgal. Völlurinn er par 72, nokkuð þröngur skógarvöllur. Alls voru 24 lið sem tóku þá í mótinu. Spilaðir voru tveir æfingarhringir fyrir keppni og síðan spilaðir þrír keppnisdagar. Veðrið setti svip sinn á mótið og þurfti að aflýsa einum hring í mótinu vegna mikils vinds og rigninga. Keilissveitin endaði í 8.-11. sæti sem er nokkuð góður árangur miðað við að liðið okkar er mjög ungt að árum. Björgvin var mjög ánægður með strákana í undirbúningi og keppni út í Portúgal. Tóku þeir keppninni alvarlega og undirbjuggu sig vel fyrir hvern dag.

## Landslið eldri kylfinga

Jóhann Pétur Andersen, Guðmundur Ágúst Pétursson, Hafþór Kristjánsson, Sigurjón Gíslason, Pétur Elíasson, Jens Karlssson, Erla Adólfsdóttir



# Mótahald 2013

## Meistaramót Keilis 2013 haldið 7. - 13. Júlí. Þátttakendur 347

### Klúbbmeistarar Keilis 2013.

**Meistaraflokkur karla** Birgir Björn Magnússon 291 högg
**Meistaraflokkur kvenna** Þórdís Geirsdóttir 316 högg

### Sigurvegarar í öðrum flokkum.

| | | |
|---|---|---|
| **1. flokkur karla** | Ragnar Á. Ragnarsson | 301 högg |
| **1. flokkur kvenna** | Högna K. Knútsdóttir | 320 högg |
| **2. flokkur karla** | Ívar Jónsson | 325 högg |
| **2. flokkur kvenna** | Hulda S. Hermannsdóttir | 361 högg |
| **3. flokkur karla** | Sigurður Á. Gunnarsson | 347 högg |
| **3. flokkur kvenna** | Guðrún Lilja Rúnarsdóttir | 297 högg |
| **4. flokkur karla** | Ottó Leifsson | 285 högg |
| **4. flokkur kvenna** | Rebecca Oqueton Yongco | 73 punktar |
| **5. flokkur karla** | Bjarni Óskarsson | 92 punktar |

**Öldungaflokkur 70+**
Sigurjón R Gíslason 73 punktar
**Öldungaflokkur kvk 65+**
Sigrún M Ragnarsdóttir 250 högg
**Öldfl kk forgjöf 0-15**
Sigurður Aðalsteinsson 240 högg
**Öldfl kk forgjöf 16-34**
Stefán Jónsson 271 högg
**Öldfl kvk forgjöf 0-18**
Þorbjörg Jónína Harðardóttir 269 högg
**Öldfl kvk forgjöf 19-34**
Hjördís Kristinsdóttir 314 högg
**Drengir 15 – 16** ára
Helgi Snær Björgvinsson 227 högg
**Telpur 15 – 16 ára**
Sigurlaug Rún Jónsdóttir 256 högg
**Strákar 14 ára og yngri**
Gísli Þorgeir Kristjánson 241 högg
Stelpur 14 ára og yngri
Hekla Sóley Arnarsdóttir 275 högg

**Meistaramót barna 2013 haldið á Sveinkotsvelli 8. - 9. Júlí. Þátttakendur voru 3 efnilegir drengir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti | Daníel Freyr Ólafsson | 92 högg |
| 2. sæti | Bjarki Guðmundsson | 94 högg |
| 3. sæti | Viktor Tumi Ólafsson | 95 högg |

### Bikarmeistari Keilis 2013

**Bikarmeistari Keilis 2013** varð Benedikt Sveinsson, Benedikt sigraði Stefán Ingvarsson í úrslitaleiknum.

### Gildandi vallarmet

**Kristján Þór Einarsson GK**
62 högg af hvítum teigum **(Meistaramót Keilis 2012).**
**Ólafur Már Sigurðsson GK**
64 högg af gulum teigum (2004).
**Ragnhildur Sigurðardóttir GR**
68 högg af bláum teigum (2005).
**Ágúst Elí Björgvinsson GK**
67 högg af rauðum teigum (2009).
**Henning Darri Þórðarson** GK
68 högg af bláum teigum (Meistaramót Keilis 2012).
**Ragna Björk Ólafsdóttir GK**
68 högg af rauðum teigum (2008)
**Gísli Sigurðsson GK**
72 högg af rauðum teigum (2003) vallarmet 70 ára +

### Hola í höggi

Eftirtaldir kylfingar fóru holu í höggi á árinu 2013 og tilkynntu til Einherjaklúbbsins.

**Hvaleyrarvöllur**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sigrún Ragnarsdóttir | GK | 04.09.2013 | Keilisvöllur | 4. flöt |
| Halldór Jónsson | GK | 14.08.2013 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Vignir Jónsson | GSE | 27.07.2013 | Keilisvöllur | 4. flöt |
| Benedikt Ólafsson | GVG | 23.07.2013 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Ármann Markússon | GK | 22.07.2013 | Keilisvöllur | 6. flöt |
| Kristján Vigfússon | | 17.07.2013 | Keilisvöllur | 6. flöt |
| Daníel Guðjónsson | GKJ | 03.07.2013 | Keilisvöllur | 4. flöt |
| Rut Einarsdóttir | GK | 24.06.2013 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Gísli Grettisson | GK | 16.06.2013 | Keilisvöllur | 6. flöt |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Anna Haraldsdóttir | GK | 02.06.2013 | Keilisvöllur | 10.flöt |
| Gunnar Þór Halldórsson | GK | 02.06.2013 | Keilisvöllur | 10. flöt |
| Einar Jóhann Herbertsson | GK | 20.05.2013 | Keilisvöllur | 6. flöt |
| Bjarni Gíslason | GR | 17.05.2013 | Keilisvöllur | 16. flöt |

# Félagslíf

## Kvennastarf

Kvennastarf Keilis 2013 hófst í janúar með púttmótaröð (8 mót). Sú sem var með besta samanlagt skor í 4 mótum var púttmeistari Keiliskvenna og þetta árið var það Þórdís Geirsdóttir sem hlaut þennan titil. Sumarstarfið var síðan með hefðbundnum hætti, haldin voru 8 mót í sumarmótaröðinni og í lok sumars var farið í helgarferð á Hellishóla og haldið mót þar. Hatta- og pilsa mótið var haldið á Sveinskotsvelli í júlí þar sem nýliðar voru sérstaklega hvattar til að mæta. Sigurvegarar sumarmótaraðarinnar voru Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir í forgjafaflokki 18.1 – 34 með 141 punkt fyrir 4 bestu mótin og Þórdís Geirsdóttir í forgjafaflokki 0 – 18 með 133 punkta fyrir 4 bestu mótin. Á Sveinskotsvelli var Vilborg Gísladóttir sigurvegari með 69 punkta, en á Sveinskotsvelli voru spilaðar 9 holur í mótunum. Vinkvennamót með Oddskonum var haldið í júlí, þetta voru 2 mót, Oddskonur komu og spiluðu með okkar konum á Keilisvelli og Keiliskonur fóru síðan og spiluðu með Oddskonum á Urriðakotsvelli. Keiliskonur unnu þetta mót fjórða árið í röð. Ágæt þátttaka var í kvennastarfinu þrátt fyrir að ekki viðraði vel þetta sumarið og tóku um 100 konur þátt í sumarmótaröðinni einu sinni eða oftar. Nokkur breyting verður á kvennanefndinni eftir þetta tímabil. Þórdís Geirsdóttir og Ingveldur Ingvarsdóttir sem verið hefur formaður sl. 6 ár hættu í nefndinni. Nýjar konur í kvennanefnd eru Ásgerður Ingólfsdóttir og Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir en Anna Sigríður Gunnarsdóttir tók við formennsku í nefndinni. Aðrar í kvennanefnd eru: Birna Ágústsdóttir, Margrét Sigmundsdóttir, Hjördís Sigurbergsdóttir og Ragnheiður Ríkharðsdóttir.

## Mótahald

Síðastliðið sumar var Golfklúbbnum Keili falið að hafa umsjón með einu verkefni á vegum

Golfsambands Íslands, það er sveitakeppni GSÍ. í 1.deild karla. Mótið tókst vel í alla staði, völlurinn í frábæru ástandi og mótsstjórn til fyrirmyndar. Keilir hefur legið undir ámæli frá stjórn GSÍ fyrir að ýta frá sér verkefnum sem eru á vegum GSÍ. Einungis er tekið á móti einu verkefni á vegum GSÍ ár hvert. Þeim rökum hefur verið haldið á lofti að það sé ótækt af golfklúbbi í fremstu röð að ýta frá sér mótum og láta aðra klúbba sjá um fleiri en tvö og þrjú verkefni á meðan Keilir er alltaf með einn af stærstu hópunum sem þátttakendur í mótum á vegum GSÍ. Spurning er hvort Keilir eigi að slaka á þessum kröfum og setja markið við tvö verkefni á vegum GSÍ ár hvert. Það myndi leysa málið gagnvart sambandinu.

Golfvöllur Keilis var leigður út til fyrirtækja eins og undanfarin ár alls voru þetta 8 skipti sem völlurinn var að lokaður hluta úr degi, oftast var völlurinn þó opnaður um þrjú leytið.
Auk þessa voru ýms fyrirtæki og félagasamtök með rástíma 1 til 2 tíma í senn.
Starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar, Haukar, FH, Icelandair, Landsbankinn, Lögmannafélagið, Securitas, og Rio Tinto Alcan héldu sín árlegu golfmót hjá okkur.

Þá var fækkað um tvö opin mót á árinu. Vormót Hafnarfjarðar var ekki haldið og Opna Íslandsbankamótið var heldur ekki á dagskrá þetta árið. Er þetta í samræmi við kröfur félagsmanna um færri opin mót. Einsog kemur hér fram í viðhorfskönnun sem gerð var nú fyrir aðalfundinn og verða gerð skil á eftir, er að mikil sátt virðist ríkja um mótahald á vegum klúbbsins.

## Æfingaferð

Keilir fór í æfingaferð til Spánar og varð Matalascanas fyrir valinu. Ferðin gékk vel og vorum við með hvorki fleiri né færri en 40 iðkendur í ferðinni. Að okkar mati má alls ekki fjölga í þessum ferðum ef gæðin eiga að haldast. Ferðin gekk mjög vel að öllu leyti. Allir rástímar stóðust 100% og eins og við var að búast þá höfðum við alla æfingaaðstöðuna útaf fyrir okkur. Allt skipulag frá Vita Golf var 100% og gerði það allan undirbúning miklu léttari. Atli Már Grétarsson lenti í alvarlegu óhappi þegar hann féll 5 metra og slasaðist mikið á úlnlið.
Við viljum sérstaklega þakka fararstjórunum Unni og Sveinberg fyrir óaðfinnanleg störf í ferðinni. Einnig viljum við þakka Vita Golf og Einari Lyng sem dekraði við Atla Má og móður hans á meðan þau dvöldu á Spáni.
Að mat okkar golfkennara þá þyrfti að tvískipta þessari ferð og mælum við með að fara í 10-12 daga ferð með betri kylfinga klúbbsins og fara svo í hefðbundna æfingaferð með yngri kylfingana eins og hefur verið.

## Skemmtanir

Haldið var upp á Jónsmessuna 22.júní. Þátttakan var mjög góð, alls tóku 40 lið þátt í Jónsmessugleðinni eða alls 80 keppendur.

Bændaglíma var haldin laugardaginn 5. október, þátttakan var frábær 82 tóku þátt í bændaglímunni. Bændur voru þeir Guðmundur Haraldsson og Daníel Þór Ólason. Lið Daníels sigraði naumlega.
Álfagaldur (Jónsmessa unglinga ) var haldin í umsjón foreldrafélags Keilis við góðar undirtektir yngri kynslóðarinnar.

Afreksmannahóf Keilis hefur verið er fastur liður á hverju ári, hófið var haldið að venju í janúar. Afreksfólki Keilis ásamt mökum var boðið til hófsins.

Á fimmtudagskvöldum eru bridgekvöld, en spilakvöldin hafa verið haldin allt frá því að við fluttum í þennan golfskála. Það eru fáir atburðir eins fastir í sessi í félagslífinu ef golfið er undanskilið. Frá upphafi hefur Guðbrandur Sigurbergsson haft umsjón með þessum kvöldum.
Áhugasamir félagar um knattspyrnu hittast líka á laugardagsmorgnum og tippa.
Öllum félagsmönnum er velkomið að mæta og taka þátt í getraunastarfsemi Keilis og mynda nýja hópa. Þess má geta þess að Balli er alltaf með heitt á könnunni.

## Foreldraráð

Foreldraráð hefur verið endurvakið eftir árs leyfi. Foreldraráð er gífurlega mikilvægt stuðningsráð fyrir golfkennara okkar. Á vegum þess eru fjáraflanir vegna verkefna sem okkar yngstu félagar taka þátt í. Það er von okkar að þetta ráð verði öflugt og komi til með að létta undir með golfkennurum okkar.

## Æfingaaðstaða Keilis (Hraunkot)

Við Keilisfólk getum verið stolt af okkar aðstöðu til æfinga, ekki eru margir klúbbar sem státa af jafn góðri heilsársaðstöðu og Keilir og hefur Hraunkot vakið eftirtekt langt fyrir utan landssteinana. Þrátt fyrir það er nú þriðja árið í röð sem er samdráttur er í seldum boltum í Hraunkoti eða 20%, það er visst áhyggjuefni en samt verðugt verkefni sem þarf að takast á við. Hraunkot hefur verið góð tekjulind Keilis í þau ár sem opið hefur verið og heldur áfram að skila tekjum inn í félagið þótt þær séu minni nú en fyrstu ár þessarar aðstöðu. Í ár var farið í smávægilega viðhaldsaðgerðir á inniaðstöðu Hraunkots, neðri hæðin var máluð og keypt inn létt húsgögn sem vonandi verða til þess að bæta aðstöðuna enn meira. Hraunkot á að vera og verður vonandi áfram stoð og stytta í rekstri Keilis. Einsog í fyrra notuðu eldri borgarar inniaðstöðuna til að æfa púttin, eru þeir með fastan tíma á miðvikudögum yfir vetrartímann. Einnig nýtti golfkennaraskóli PGA aðstöðuna talsvert á síðasta ári.



## Samstarf við aðra golfklúbba

Í sumar voru samningar um aðgengi félagsmanna, með góðum afslætti, hjá eftirfarandi golfklúbbum:

- Golfklúbbi GS í Leiru
- Golfklúbbi GHR á Hellu
- Golfklúbbi Vatnsleysustrandar
- Golfklúbbnum Geysi
- Golfklúbbi Selfoss
- Golfklúbbi Borgarness
- Golfklúbbi Sandgerðis
- Golfklúbbnum Leyni

Heimsóknir okkar félaga á þessa velli eru eftirfarandi :

| | |
|---|---|
| Leira | 216 hringir |
| Hella | 287 hringir |
| Vatnsleysa | 362 hringir |
| Borgarnes | 269 hringir |
| Selfoss | 89 hringir |
| Leynir | 205 hringir |
| Sandgerði | Óskráð |
| Geysir | Óskráð |

Samtals voru þetta 1.428 leiknir hringir, en voru í fyrra 1.845.




**Leiknir hringir 2013**

Samkvæmt rástímaskráningu voru leiknir alls 28.518 hringir á síðasta sumri. Á árinu 2012 voru leiknir 43,063, aðalástæða þessarar fækkunar er einsog flestir félagar vita er skelfilegt veður í allt sumar. Mikil fækkun var á spili í maí mánuði miðað við árið í fyrra einsog sést á súluritinu. Á aðalvelli voru leiknir hringir af félagsmönnum um 69% af notkuninni og er það hækkun um 3% á milli ára, að meðaltali fóru um 126 kylfingar í gegnum völlinn á degi hverjum á meðan opið var. Á Sveinskotsvelli var notkunin 62% af félagsmönnum og þann völl léku 39 kylfingar á dag en voru 54 í fyrra. Áhugaverðar tölur sem sanna að veðrið lék nú beinlínis ekki við okkur á síðasta ári.

Skipting er eftirfarandi :

| | | |
|---|---|---|
| Hvaleyrarvöllur | 28.518 | hringir |
| Sveinskotsvöllur | 8.952 | hringir |






# Lokaorð

Í ár unnum við jafnmarga Íslandsmeistaratitla og í fyrra en bættum við okkur einum stigameistaratitli.
Íþrótta- og afreksstarf er með miklum blóma þó svo að alltaf megi bæta og laga í því efni.
Eins og í fyrra vorum við í baráttunni um Íslandsmeistaratitilinn í meistaraflokki kvenna, en þar fór Guðrún Brá Björgvinsdóttir í umspil.

Sveit Keilis varð Íslandsmeistari karla í sveitakeppni og eitt augnablik vorum við líka búinn að vinna sveitakeppni kvenna en það fór eins og það fór og ætla ég ekki nánar útí þá sálma hér enda nóg komið.

Eins og fram hefur komið höfum við unnið að breytingum á vellinum sem áætlað er að verði lokið á 50 ára afmæli Keilis árið 2017. Unnið var í 13. braut í ár og er sú vinna langt á veg komin.

Við fjölguðum vinavöllum um einn í ár og bættist Leynisvöllurinn við flóruna, það er engin annar golfklúbbur með jafnmarga vinavelli og við. Okkar félagar hafa tekið þessari viðbót mjög vel. Við stefnum að því að semja aftur við þessa klúbba.

Varðandi umhverfisvottun sem við stefndum á að ljúka vorið 2013, þá tókst það ekki og þessi vinna mun umfangsmeiri en áætlað var. En það er klárlega okkar stefna að ljúka þessari vinnu og fá þessa vottun.

GSÍ þing var haldið 23. nóvember. Það sem helst bar á góma var að nýr forseti var kjörin eftir kosningu sem mun vera í fysta skipti í sögu GSÍ að kjósa þurfi á milli frambjóðenda.
Lögð var fram tillaga að stofna nefnd um mótahald á vegum GSÍ, sem skipuð yrði tveimur fulltrúum stjórnar GSÍ, tveimur fulltrúum PGA á Íslandi, einum fulltrúa SÍGÍ, tveimur fulltrúum reyndra keppenda af Eimskipsmótaröð GSÍ og einum alþjóðadómara.

Í fyrra þá þakkaði ég Björgvini Sigurbergssyni fyrir góð störf því hann ætlaði að snúa sér að sinni iðn, en klárinn leitar alltaf þangað sem hann er kvaldastur. Nú er Björgvin komin heim aftur og bjóðum við hann hjartanlega velkomin.
Þeir þjálfarar sem fyrir voru ákváðu að segja störfum sínum lausum og hverfa á aðrar slóðir og viljum við þakka þeim Sigurpáli Geir Sveinssyni og Jóhanni Hjaltasyni fyrir frábært starf og frábæran árangur.

Undanfarin tvö ár höfum við gert viðhorfskannanir og í ár var engin breyting þar á og sendum við þessa könnun til félagsmanna. Þökkum við kærlega fyrir þátttökuna því þetta er mikilvægt stjórntæki fyrir stjórn og starfsmenn Golfklúbbsins Keilis. Nú teljum við að sagan og reynslan verði farin að skila til okkar hvar við erum að gera góða hluti og hvar við þurfum að bæta okkur.
Í ár sendum við á mun fleiri félaga eða á 1382 félagsmenn og fengum 353 svör, í fyrra var sent á 750 og fengum 258 svör.
Það sem skýrir þessa aukningu á útsendingum er að golf.is krefur nú félagsmenn um rétt póstfang og njótum við góðs af því. Ég vil því undirstrika við okkar félagsmenn að nota þetta verkfæri til að koma skilaboðum til okkar en Ólafur Þór mun fara yfir viðhorfskönnunina hér á eftir.

Eins og ég hef tilkynnt mun ég ekki gefa kost á mér áfram sem formaður Keilis, ég hef setið í stjórn Keilis frá árinu 2001 eða í 13 ár. Ég var kosinn formaður 8. desember 2003 og er þetta þá 10 ár og einn dagur.
Þessi tími hefur verið verið frábær í þessu starfi þar sem ég hef unnið með frábæru fólki og umgengist skemmtilega félaga í Golfklúbbnum Keili.
Mig langar nú að stikla á stóru hvað hefur verið gert á þessum formannsárum það má kalla þetta stuttan annál.

## 2004

- 6 Íslandsmeistaratitlar
- Ólöf María ávinnur sér rétt á LPGA mótaröðina
- Trevor Immelman og Tony Johnstone spiluðu á Cannon mótinu á Hvaleyrinni
- Koma golfvellinum inn á deiluskipulag Hafnarfjarðarbæjar til að tryggja að golfvöllur verði á Hvaleyrinni til framtíðar.
- Koma landsbrotsmálum í vinnslu eftir að fyrrverandi formaður hafði unnið ötullega að þeim málum í sinni formannstíð
- Samkomulag við Hafnarfjarðarbæ um uppbyggingu á nýju æfingasvæði
- Fögnuðum nýrri inniaðstöðu á Dalshrauni, vorum gríðarlega sáttir við inniaðstöðuna, fögnuðum því að vera komin úr Bæjarútgerðarhúsi



## 2005

- 9 Íslandsmeistaratitlar og 2 stigameistarar
- Ólöf María tekur þátt í sínu fyrsta móti á LPGA mótaröðinni á Tenerife
- Uppbygging núverandi æfingasvæðis, samningur undirritaður við Hafnarfjarðarbæ 20. april
- Verið er að koma fráveitunni í gegnum Hvaleyrina
- Uppbygging á vökvunarkerfi vallarins að hefjast





## 2006

- 8 Íslandsmeistarar og 2 stigameistarar
- Opnuðum inniaðstöðuna í Hraunkoti til æfinga
- Aðrar framkvæmdir við útiaðstöðu í fullum gangi.
- Kúluvélar fyrir æfingasvæðið pantaðar, kúluvélar urðu að umræðu á bæjarstjórnarfundum þar sem fram kom að vélarnar ættu ekki að vera inní hluta bæjarins þar sem þetta væru „peninga maskinur" fyrir GK
- Verkefninu við að klára fráveituna lauk á þessu ári eftir miklar hremmingar þar sem borinn sat fastur um tíma á 16 metra dýpi og varð því að grafa niður á hann, skurður sem var 20 metra breiður 16 metrar á dýpt. Í framhaldi af því var svo 15 brautin löguð.
- Framkvæmdir við landbrot á Hvaleyrinni hófust



## 2007

- 10 Íslandsmeistarar og 3 stigameistarar
- Golfklúbburinn 40 ára
- Opnun og vígsla æfingasvæðisins Hraunkots
- Glæsilegt afmælisblað gefið út af tilefni 40 ára afmælis
- Framkvæmdir við landbrotsvörn lokið, í því tilefni var farið í siglingu meðfram Hvaleyri.
- Íslandsmótið í golfi haldið á Hvaleyrinni

## 2008

- 10 Íslandsmeistarar og 3 stigameistarar
- Breyttum aðgengi að Hraunkoti, ekki lengur keyrt í gegnum Byggðahverfið. Nýr vegur kom fyrir aftan 1. og 9. braut. Gjörbreyting varð á umhverfi 9 flatar.
- Lagning á vatnslögn frá RioTinto Alcan yfir til Keilis.
- Tvöfaldur sigur í holukeppni karla og kvenna.

- Tvöfaldur sigur í sveitakeppni karla og kvenna.

## 2009

- 8 Íslandsmeistarar og 4 stigameistarar
- Lokið við frágang á tengingu vatnslagna frá RioTinto Alcan við vökvunarkerfi Keilis.
- Byggð var safntjörn á 8. braut

## 2010

- 9 Íslandsmeistarar og 6 stigameistarar
- Ágúst Húbertsson lætur af störfum eftir 22 ára starf.
- Byggt var ræsishús við 10. teig
- Daniel Harley ráðinn vallarstjóri
- Ólafur Þór Ágústsson ráðinn framkvæmdarstjóri

## 2011

- 11 Íslandsmeistarar og 8 stigameistarar
- Farið var í stefnumótunarvinnu fyrir næstu fimm ár.

## 2012

- 14 Íslandsmeistarar og 6 stigameistarar
- Byrjað að vinna að breytingum á Hvaleyrinni, ný par 3 braut við Eyrarsund fyrir aftan 15. teig lögð.
- Héldum undankeppni Evrópumóts karlaliða (European Men's Challenge Trophy)
- Hvaleyrarvöllur komst á topp 100 bestu valla í Evrópu utan Bretlandseyja
- Bjarni Hannesson ráðinn vallarstjóri

Ásamt mér er Guðmundur Haraldsson og Hálfdan Þór Karlsson að hætta í stjórn. Guðmundur hefur setið óslitið frá árinu 2000 og hefur verið ritari stjórnar síðan þá, ég vil þakka Guðmundi alveg sérstakalega fyrir frábært samstarf, við höfum lengst af starfað saman í mótanefnd Keilis og hefur það verið frábær tími.
Hálfdan hefur setið með mér í stjórn síðan 2002 þá kom hann aftur í stjórn Keilis eftir smá hlé en þar áður hafði hann setið sem formaður Keilis, Hálfdan hefur starfað að afreksmálum Keilis frá því 2002 og vil ég þakka honum kærlega fyrir frábært starf.

Hvaleyrarvöllurinn var að venju frábær þetta árið og vil ég þakka vallarstarfsmönnum fyrir frábært starf þrátt fyrir mikla vætutíð.

Einnig vil ég þakka framkvæmdastjóra, skrifstofufólki, vallarstarfsmönnum, kennurum og ræsum fyrir vel unnin störf svo og samstarfsaðilum okkar sem og Brynju Þórhallsdóttur sem að vanda sá um veitingar hér í skálanum.

Ég vil þakka stjórn Keilis fyrir vel unnin störf þar sem verkefnin eru eins og ávallt mikil og krefjandi.
Okkar markmið eru eins og ávallt, að Golfklúbburinn Keilir verði ætíð í fremstu röð golfklúbba á Íslandi.
Við í stjórn Keilis sendum félögum okkar óskir um Gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Með kveðju,
Bergsteinn Hjörleifsson, formaður Keilis.



# GOLFKLÚBBURINN KEILIR
STEINHOLTI 1
HAFNARFJÖRÐUR
KT. 680169-6919

## ÁRSREIKNINGUR 2013

# Áritun endurskoðanda

Ég hef endurskoðað ársreikning Golfklúbbsins Keilis fyrir starfsárið 1. nóvember 2012 til 31. október 2013. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi tímabilsins, efnahagsreikningi 31. október, skýringum og sundurliðunum nr.1 - 15. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð hennar í samræmi við lög og reglur.

Við endurskoðunina kannaði ég bókhald félagsins og önnur gögn sem nauðsynlegt þótti. Einnig voru lagðar fram fyrirspurnir og könnuð ýmis atriði með framkvæmdastjóra félagsins. Ég hef fengið greinagóð svör við öllum fyrirspurnum og tel mig hafa grunn til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og sjóðstreymi félagsins á rekstrartímabilinu og efnahag þess 31.október 2013 í samæmi við lög félagsins.

Hafnarfirði, 9.desember 2013

**Gunnar Hjaltalín, löggiltur endurskoðandi.**

# Skýrsla og áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Golfklúbbsins Keilis koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins 31.október 2013, rekstrarárangri frá 1. nóvember 2012 til 31. október 2013 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hjá klúbbnum störfuðu á árinu til lengri eða skemmri tíma alls 30 starfsmenn.

Í árslok voru félagar í Keili 1338

Stjórn Golfklúbbsins Keilis staðfestir hér með ársreikning klúbbsins með áritun sinni.

Hafnarfirði, 9.desember 2013.

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR
## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2013

| | Skýr. | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur :** | | | |
| Félagsgjöld | | 92.091.278 | 90.094.694 |
| Flatargjöld | | 13.746.722 | 11.722.355 |
| Mótatekjur | 1 | 11.916.300 | 14.315.230 |
| Styrkir og framlög | 2 | 18.155.322 | 16.026.445 |
| Tekjur æfingasvæðis | 3 | 16.558.297 | 19.482.106 |
| Tekjur verslunar | 4 | 7.210.960 | 7.084.155 |
| Seld þjónusta | | 20.143.545 | 18.331.431 |
| Unglingavinna | | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Aðrar tekjur | 5 | 8.260.162 | 9.894.818 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 190.482.586 | 189.351.234 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Félagsskattur GSÍ | | 5.665.400 | 4.976.000 |
| Mótagjöld | 6 | 3.299.065 | 3.398.797 |
| Styrkir og þjálfunarkostnaður | 7 | 18.767.639 | 17.179.691 |
| Rekstur æfingasvæðis | 8 | 14.989.485 | 19.352.832 |
| Viðhald og rekstur valla | 9 | 36.307.392 | 36.741.688 |
| Viðhald og rekstur véla | 10 | 16.445.235 | 14.294.081 |
| Rekstur fasteigna | 11 | 10.617.641 | 9.727.560 |
| Stjórnunarkostnaður | 12 | 23.587.748 | 23.951.745 |
| Rekstur verslunar | 13 | 10.519.476 | 9.267.951 |
| Rekstur útseldrar þjónustu | 14 | 15.638.577 | 15.567.125 |
| Unglingavinna | | 2.400.000 | 2.400.000 |
| Annar kostnaður | 15 | 4.922.320 | 4.994.635 |
| Afskriftir | | 8.076.510 | 7.394.102 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 171.236.488 | 169.246.207 |
| **Hagnaður ársins fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | 19.246.098 | 20.105.027 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.509.144 | 1.507.669 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | -8.121.230 | -8.330.181 |
| Gengismunur | | 0 | 28.797.976 |
| **Samtals** | | -6.612.086 | 21.975.464 |
| **Hagnaður ársins** | | 12.634.012 | 42.080.491 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR
## EFNAHAGSREIKNINGUR 31. OKTÓBER 2013

| EIGNIR | Skýr. | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir | | 207.327.243 | 207.327.243 |
| Bifreiðar | | 950.109 | 1.117.775 |
| Vélar og tæki | | 42.822.622 | 38.436.065 |
| Áhöld og innréttingar | | 1.994.160 | 2.346.071 |
| Golfvöllur | | 282.587.316 | 272.266.582 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 535.681.450 | 521.493.736 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Birgðir | | 9.993.863 | 8.072.188 |
| Viðskiptakröfur | | 6.186.641 | 7.901.541 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 3.333.091 | 1.615.076 |
| Bankainnistæður | | 176.096 | 544.852 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 19.689.691 | 18.133.657 |
| **Eignir alls** | | 555.371.141 | 539.627.393 |

| SKULDIR OG EIGIÐ FÉ: | | |
|---|---|---|
| **Eigið fé.** | | |
| Framlag Hafnarfjarðarbæjar | 249.103.175 | 249.103.175 |
| Óráðstafað eigið fé í ársbyrjun | 209.852.187 | 167.771.696 |
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | 12.634.012 | 42.080.491 |
| **Eigið fé samtals** | 471.589.374 | 458.955.362 |
| **Langtímaskuldir:** | | |
| Verðtryggðar skuldir | 60.061.429 | 65.449.547 |
| Næsta árs afborgun | -8.011.000 | -8.000.000 |
| **Langtímaskuldir samtals** | 52.050.429 | 57.449.547 |
| Skammtímaskuldir: | | |
| Tékkareikningslán | 9.505.515 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | 5.928.910 | 8.178.023 |
| Ógreitt vegna starfsfólks | 6.192.426 | 5.796.369 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 2.093.487 | 1.248.092 |
| Næsta árs afborgun langtímalána | 8.011.000 | 8.000.000 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | 31.731.338 | 23.222.484 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | 555.371.141 | 539.627.393 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SJÓÐSTREYMI 31. OKTÓBER 2013.

### HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Hagnaður ársins | 12.634.012 | 42.080.491 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:: | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 8.076.510 | 7.394.102 |
| Verðbætur langtímalána | 2.250.250 | 3.250.000 |
| Gengismunur langtímalána | 0 | -28.797.976 |
| | 22.960.772 | 23.926.617 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | |
| Skammtímakröfur, (hækkun)lækkun | -3.115 | 10.794.654 |
| Vörubirgðir, (hækkun) | -1.921.676 | -447.784 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun)hækkun | -1.007.661 | 5.510.754 |
| | -2.932.452 | 15.857.624 |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS** | 20.028.320 | 39.784.241 |

### FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Endurbætur á golfvelli og húsnæði | -10.320.734 | -6.836.556 |
| Vélakaup | -11.943.490 | -13.899.188 |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS** | -22.264.224 | -20.735.744 |

### FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

| | 2013 | 2012 |
|---|---|---|
| Afborgun veðskulda | -7.638.368 | -11.639.523 |
| Hækkun, (lækkun) tékkareikningsláns | 9.505.515 | -7.315.764 |
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS** | 1.867.147 | -18.955.287 |
| **(LÆKKUN)HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ** | -368.757 | 93.210 |
| Handbært fé i ársbyrjun | 544.852 | 451.642 |
| **HANDBÆRT FÉ 31.10. 2013.** | 176.095 | 544.852 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2013.

### FASTAFJÁRMUNIR OG AFSKRIFTIR

Fastafjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Fasteignir | Bifreiðar | Áhöld og Innr. | Vélar og tæki | Golfvöllur |
|---|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 01.01 ................ | 207.327.243 | 1.117.775 | 2.346.071 | 38.436.065 | 272.266.582 |
| Keypt á árinu ................... | 0 | 0 | 0 | 11.943.490 | 10.320.734 |
| Afskriftir ársins ................ | 0 | -167.666 | -351.911 | -7.556.933 | 0 |
| | 207.327.243 | 950.109 | 1.994.160 | 42.822.622 | 282.587.316 |
| Bókfært verð 31.10. 2013 | 207.327.243 | 950.109 | 1.994.160 | 42.822.622 | 282.587.316 |

Eignir eru aðallega skráðar við upphaflegu kostnaðarverði. Fasteignir og golfvellir eru ekki afskrifaðir, enda litið svo á að hér sé um varanlegar eignir að ræða sem ekki rýrna að verðgildi nema síður sé, en hins vegar eru vélar og áhöld afskrifuð sem nemur um 15% af bókfærðu verði fyrra árs að viðbættri fjárfestingu ársins í slíkum eignum.

### EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2013.

| | Yfirfært frá fyrra ári | Rekstrar afkoma | Samtals 30.10.2013 |
|---|---|---|---|
| **Annað eigið fé:** | | | |
| Óráðstafað eigið fé ................ | 209.852.187 | 42.080.491 | 251.932.678 |
| Framlag Hafnarfjarðar ........... | 249.103.175 | 0 | 249.103.175 |
| | 458.955.362 | 42.080.491 | 501.035.853 |

Hreyfingar ársins á óráðstöfuðu eigin fé voru sem hér greinir:

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári ............................................... | 209.852.187 |
| Hagnaður ársins 2013 ............................................ | 12.634.012 |
| | 222.486.199 |

# GOLFKLÚBBURINN KEILIR

## SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2013.

| | | 2013 | 2012 |
|---|---|---|---|
| **1.** | **MÓTATEKJUR** | | |
| | Tekjur, opin mót ........ | 6.473.700 | 8.646.480 |
| | Tekjur, innanfélagsmót ........ | 3.792.600 | 3.753.750 |
| | Tekjur, firmakeppni ........ | 1.650.000 | 1.915.000 |
| | **MÓTATEKJUR ALLS** | 11.916.300 | 14.315.230 |
| **2.** | **STYRKIR OG FRAMLÖG** | | |
| | IBH, Alcan styrkur vegna unglinga ........ | 778.464 | 646.698 |
| | Ferðastyrkur íþróttaráð ........ | 680.000 | 260.000 |
| | Framlag ÍSÍ vegna getrauna ........ | 452.153 | 279.008 |
| | Framlag ÍSÍ vegna lottó ........ | 621.319 | 706.230 |
| | Afreksmannasjóður ÍBH ........ | 971.149 | 0 |
| | Styrktar og auglýsingasamningar fyrirtækja ........ | 9.153.716 | 8.977.617 |
| | Framlag Hafnarfjarðar v/skrifstofu og rekstur valla........ | 5.498.521 | 5.156.892 |
| | **STYRKIR OG FRAMLÖG ALLS** | 18.155.322 | 16.026.445 |
| **3.** | **TEKJUR ÆFINGASVÆÐIS** | | |
| | Gjafabréf, Hraunkot ........ | 385.216 | 693.270 |
| | Útleiga, Hraunkot ........ | 863.300 | 63.150 |
| | Sala, Hraunkot ........ | 487.742 | 566.954 |
| | Púttmót, Hraunkot ........ | 460.000 | 722.750 |
| | Styrkir, Hraunkot ........ | 1.681.000 | 1.598.837 |
| | Boltaleiga, Hraunkot ........ | 12.681.039 | 15.837.145 |
| | **TEKJUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS** | 16.558.297 | 19.482.106 |
| **4.** | **TEKJUR VERSLUNAR** | | |
| | Seldar golfvörur ........ | 7.210.960 | 7.084.155 |
| | **TEKJUR VERSLUNAR ALLS** | 7.210.960 | 7.084.155 |
| **5.** | **AÐRAR TEKJUR** | | |
| | Skápaleiga. ........ | 714.000 | 756.000 |
| | Leiga golfbíla og golfsetta ........ | 2.746.425 | 2.325.340 |
| | Unglinganámskeið og æfingargjöld........ | 4.118.568 | 5.032.208 |
| | Húsaleigutekjur ........ | 320.000 | 230.000 |
| | Vetrarsala ........ | 361.169 | 551.270 |
| | Seldar vélar ........ | 0 | 1.000.000 |
| | **AÐRAR TEKJUR ALLS** | 8.260.162 | 9.894.818 |
| **6.** | **MÓTAGJÖLD** | | |
| | Kostnaður vegna innanfélagsmóta ........ | 1.587.682 | 1.347.131 |
| | Kostnaður vegna opinna móta ........ | 1.711.383 | 2.051.666 |

| | | |
|---|---|---|
| **8. REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS** | | |
| Laun vegna Hraunkots og eftirlits | 6.444.123 | 6.897.197 |
| Tryggingagjald | 474.157 | 653.393 |
| Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 583.151 | 756.104 |
| Æfingaboltar | 1.780.441 | 2.378.275 |
| Hraunkot innkaup og auglýsingar | 1.557.930 | 2.517.280 |
| Hraunkot viðhald | 2.475.304 | 4.185.509 |
| Hraunkot rafmagn og hiti | 1.445.875 | 1.356.109 |
| Starfsmannakostnaður | 4.504 | 61.465 |
| Kennsla vegna gjafabréfa | 224.000 | 0 |
| Viðhald svæðis og æfingamottur | 0 | 547.500 |
| **REKSTUR ÆFINGASVÆÐIS ALLS** | 14.989.485 | 19.352.832 |
| **9. VIÐHALD OG REKSTUR VALLA** | | |
| Launakostnaður | 23.895.033 | 24.785.495 |
| Tryggingagjald | 2.244.652 | 2.045.727 |
| Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 2.732.854 | 2.313.228 |
| Námskeið ofl. Vegna starfsmanna | 1.381.356 | 1.017.102 |
| Vinnufatnaður starfsmanna | 743.494 | 628.844 |
| Félagsgjöld SIGI | 65.000 | 55.000 |
| Viðhald valla | 2.370.906 | 2.653.183 |
| Áburður og fræ | 557.301 | 688.688 |
| Sandur | 500.469 | 441.271 |
| Eftirlit á völlum | 1.589.900 | 1.926.900 |
| Aðkeyptur akstur | 226.427 | 186.250 |
| **VIÐHALD OG REKSTUR VALLA ALLS** | 36.307.392 | 36.741.688 |
| **10. VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA** | | |
| Launakostnaður | 4.833.561 | 4.469.900 |
| Tryggingagjald | 404.419 | 361.886 |
| Lífeyris, sjúkra og orlofssjóður | 395.027 | 383.496 |
| Eldsneyti á vélar og tæki | 3.481.481 | 3.652.241 |
| Viðhald og varahlutir | 7.107.317 | 5.086.058 |
| Tryggingar véla og tækja | 223.430 | 340.500 |
| **VIÐHALD OG REKSTUR VÉLA ALLS** | 16.445.235 | 14.294.081 |
| **11. REKSTUR FASTEIGNA** | | |
| Hiti og rafmagn | 2.116.458 | 2.173.876 |
| Viðhald skála | 2.800.907 | 1.454.681 |
| Viðhald áhaldahúss | 100.279 | 449.576 |
| Tryggingar | 1.045.552 | 1.158.776 |
| Hreinlætisvörur | 700.768 | 882.813 |
| Viðhald áhalda og innréttinga | 202.712 | 69.075 |
| Securitas gæsla | 677.229 | 727.668 |
| Ræsting, | 2.973.736 | 2.811.095 |
| **REKSTUR FASTEIGNA ALLS** | 10.617.641 | 9.727.560 |

## 12. STJÓRNUNARKOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 13.675.551 | 13.554.028 |
| Tryggingagjald | 1.137.653 | 1.153.537 |
| Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður | 1.636.882 | 1.537.210 |
| Sími á skrifstofu | 1.003.016 | 1.382.310 |
| Prentun og ritföng | 1.246.847 | 1.164.112 |
| Frímerki og gíróseðlar | 77.644 | 64.281 |
| Kostnaður vegna stjórnar og nefnda | 1.579.731 | 1.425.014 |
| Viðhald skrifstofutækja | 2.084.491 | 2.587.653 |
| Bókhald/Endurskoðun | 548.030 | 526.002 |
| Annar kostnaður | 597.903 | 557.598 |
| **STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS** | 23.587.748 | 23.951.745 |

## 13. REKSTUR VERSLUNAR

| | | |
|---|---|---|
| Vörukaup verslun | 6.115.421 | 4.943.410 |
| Laun og launatengt verslun | 4.404.055 | 4.324.541 |
| **REKSTUR VERSLUNAR ALLS** | 10.519.476 | 9.267.951 |

## 14. REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU

| | | |
|---|---|---|
| Laun | 9.000.000 | 9.000.000 |
| Tryggingagjald | 871.920 | 871.920 |
| Lífeyris-, sjúkra- og orlofssjóður | 1.080.000 | 1.080.000 |
| Áburður og fræ | 1.479.853 | 1.403.094 |
| Flutningur tækja | 11.315 | 596.410 |
| Viðhald véla | 1.295.489 | 1.115.701 |
| Eldsneyti | 1.900.000 | 1.500.000 |
| **REKSTUR ÚTSELDRAR ÞJÓNUSTU ALLS** | 15.638.577 | 15.567.125 |

## 15. ANNAR KOSTNAÐUR

| | | |
|---|---|---|
| Flatargjöld á vinavöllum | 1.592.100 | 1.938.737 |
| Tækifærisgjafir og gestamóttaka | 213.173 | 670.967 |
| Afnotagjald sjónvarps | 331.054 | 324.763 |
| Auglýsingar | 1.086.887 | 447.867 |
| Eftirlitsgjald og starfsleyfi | 32.307 | 14.250 |
| Pokamerki | 519.749 | 373.676 |
| Golfskóli/kennsla | 424.530 | 352.675 |
| Gámaleiga | 722.520 | 871.700 |
| **ANNAR KOSTNAÐUR ALLS** | 4.922.320 | 4.994.635 |

# FJÁRHAGSÁÆTLUN GOLFKLÚBBSINS KEILIS 2014

| **Rekstrartekjur** | | **2014** | 2013 |
|---|---|---|---|
| Félagsgjöld | Kr. | **97.800.000** | 95.600.000 |
| Flatargjöld | Kr. | **15.000.000** | 12.000.000 |
| Mótatekjur | Kr. | **14.000.000** | 14.200.000 |
| Styrkir og framlög | Kr. | **18.500.000** | 16.780.000 |
| Tekjur æfingasvæðis | Kr. | **17.915.000** | 20.415.000 |
| Tekjur verslunar | Kr. | **7.500.000** | 7.000.000 |
| Seld þjónusta | Kr. | **17.000.000** | 17.000.000 |
| Unglingavinna | Kr. | **2.400.000** | 2.400.000 |
| Aðrar tekjur | Kr. | **9.450.000** | 10.000.000 |
| **Rekstrartekjur samtals.** | | **199.565.000** | 195.395.000 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Félagaskattur GSÍ | Kr. | **5.700.000** | 5.800.000 |
| Mótagjöld | Kr. | **3.300.000** | 3.700.000 |
| Styrkir og þjálfunarkostnaður | Kr. | **17.500.000** | 17.117.000 |
| Rekstur æfingasvæðis | Kr. | **14.523.000** | 16.177.000 |
| Viðhald og rekstur valla | Kr. | **39.215.000** | 37.555.000 |
| Viðhald og rekstur véla | Kr. | **17.130.000** | 14.560.000 |
| Rekstur fasteigna | Kr. | **10.420.000** | 10.750.000 |
| Stjórnunarkostnaður | Kr. | **24.050.000** | 23.400.000 |
| Rekstur verslunnar | Kr. | **10.000.000** | 9.500.000 |
| Rekstur útseldrar þjónustu | Kr. | **16.000.000** | 15.300.000 |
| Unglingavinna | Kr. | **2.400.000** | 2.400.000 |
| Annar kostnaður | Kr. | **5.850.000** | 5.880.000 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | **166.088.000** | 162.139.000 |
| | | | |
| **Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði** | **Kr.** | **33.477.000** | 33.256.000 |
| | | | |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:** | | | |
| **Vaxtatekjur** | **Kr.** | **1.500.000** | |
| **Vaxtagjöld** | **Kr.** | **5.200.000** | |
| | | | |
| **Uppruni fjármagns:** | | | |
| **Framlag rekstrar** | **Kr.** | **29.777.000** | |
| | | **29.777.000** | |
| **Ráðstöfun fjármagns:** | | | |
| **Lækkun langtímaskulda** | **Kr.** | **6.400.000** | |
| **Vélakaup** | **Kr.** | **14.377.000** | |
| **Nýframkvæmdir við völl** | **Kr.** | **9.000.000** | |
| | | **29.777.000** | |

# Minnispunktar frá aðalfundi

# Aðalstyrktaraðilar Keilis eru:

Rio Tinto Alcan á Íslandi
Síminn
Bensínorkan
Sjóvá
Bílaleiga Akureyrar
Opin Kerfi
Valitor
Ásbjörn Ólafsson
Fjarðarkaup
Skeljungur
Subway
Íslandsbanki
Hafnarfjarðarbær
Epli.is
Hampiðjan
Mannvit
Naust Marine
Securitas
ISS á Íslandi
Servida
Tax Free
Góa
Landsbankinn
KFC
Jónar Transport
Vífilfell
Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Hótel Hveragerði
NTC
Point
Icelandair Golfers
MP Banki
Remax
Tölvustoð
Fura
Trefjar
Húsasmiðjan
RJC
Tor
Módern
B og L
Primera Air
Gagnavarslan
Fastus

# Svipmyndir frá liðnu sumri



Klúbbmeistarar 2013



Útaf með dómarann



Dómari að störfum



Algeng sjón sumarið 2013



Fylgst með Meistaramóti



Viðurkenningar á Meistaramóti



Samvinna




Samvinna feðgina